

Fundargerð 917. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 20. janúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmiðsdóttir, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Einar Brandsson, Nanný Anna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Jón Björn Hákonarson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri, Guðjón Bragason sviðsstjóri, Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Guðmundur Ari Sigurjónsson hafði ekki tök á að sitja fundinn og ekki náðist að boða varafulltrúa í hans stað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Kjaramál - 2301032SA

Lögð fram sem trúnaðarskjöl fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands frá 17. janúar 2023 og drög að samkomulagi um viðræðuáætlun milli sambandsins og Starfsgreinasambands Íslands, dags. 17. janúar 2023. Einnig lögð fram sem trúnaðarskjöl fundargerð kjaramálanefndar sambandsins frá 19. janúar 2023. Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri kjarasviðs og Helgi Aðalsteinsson sérfræðingur á kjarasviði sambandsins kynntu innleiðingu tiltekinna samningagreina í gildandi kjarasamningi við Starfsgreinasambandið.

Stjórn þakkar fyrir þessar upplýsingar og samþykkir að kjarasvið sambandsins klári málið á þeim forsendum sem voru kynntar á fundinum.

2. Úrsögn úr stjórn sambandsins - 2207023SA

Lagður fram tölvupóstur Lilju Bjargar Ágústsdóttur, dags. 9. janúar 2023, þar sem hún segir sig úr stjórn og fræðslumálanefnd sambandsins. Ástæðan er að hún hefur sagt sig úr sveitarstjórn Borgarbyggðar og er því ekki kjörgeng í stjórn sambandsins lengur.

Stjórn þakkar Lilju fyrir samstarfið og mun Einar Brandsson, varafulltrúi hennar, koma inn sem aðalfulltrúi í stjórn. Nýr fulltrúi verður svo kjörinn á næsta landsþingi og felur stjórn kjörnefnd að hefja undirbúning að því. Á næsta stjórnarfundum verður svo tilnefndur nýr fulltrúi í fræðslumálanefnd í hennar stað.

Fundi var slitið kl. 12:40

